

Sb.

805. Nefndarálit

[178. mál]

um till. til þál. um rekstur gömlu togaranna.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á einum fundi. Tveir nefndarmenn (ÁS og HV) vildu láta samþykkja till. óbreytta, en á þetta gat meiri hl. ekki fallizt, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það, hvaða útgjöld þál. kæmi til að hafa í för með sér fyrir ríkissjóðinn, og engar tekjur bent á á móti til að mæta slíkum útgjöldum. Auk þess hefur neðri deild þegar samþykkt heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast allt að 2 millj. króna lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja oliukyndingu í þá. Þykir rétt að fá nokkra reynslu á þessu, áður en ríkissjóður tekur á sig frekari skuldbindingar hér að lútandi. Meiri hl. leggur því til að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar. — Tveir nefndarmenn (PO og IngJ) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. marz 1951.

Gísli Jónsson, Helgi Jónasson, Jónas G. Rafnar.
form., frsm. fundaskr.

Karl Kristjánsson. Halldór Ásgrímsson.